

Bekkiartenglafundur með stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla, 25. janúar 2016

Mætt úr stjórn foreldrafélagsins: Snædís, Stefanía, Þröstur, Valerie, Inga, Ingibjörg, Sigríður og Íris.

Valerie byrjar að kynna dagskrá.

Fyrstur á mælendaskrá er Valdimar Víðisson skólastjóri - fer yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum.

Byrjar að minna foreldra á að skrá nemendur í foreldraviðtöl.

Tvær kannanir - eineltiskönnun og Skólapúlsinn.

Skólinn hefur ýmsar leiðir til að meta ýmsa þætti. T.d. Skólapúlsinn til að meta viðhorf nemenda og starfsmanna til skólustarfs sem og foreldra. Einnig eru rýnihópar sem meta Olweus og SMT kerfið, haustfundir foreldra, starfsmannasamtöl og svo mætti lengur telja.

Margar leiðir til að meta skólustarf. Skólum ber að gera það. Meta og bæta.

Ýmislegt sem hefur verið bætt síðan 2008 þegar Valdimar kom til skjalanna en annað sem mætti betur fara og besta leiðin er samstarf við heimili.

Vantar t.d. upp á mætingu á ýmiskonar fundi sem varðar innra starf. Hvetja fólk til aðmæta í okkar foreldrasamfélagi. - Valerie minnir foreldra t.d. á facebook hópa innan bekkja.

Verður farið í umbótaáætlunarvinnu með foreldrum í mars/apríl upp úr niðurstöðum úr Skólapúlsinum.

Eineltiskönnun; lögð fyrir alla nemendur í 4. -10. bekk - á vegum Olweusarverkefnisins. Farið yfir víðari þætti en í skólapúlsinum hvað þetta varðar.

Núna verða sýndir allra helstu niðurstöður - boðað verður til fundar til að rýna betur í niðurstöður. Gefur mj góða mynd af því hvernig nemendur eru að upplifa einelti/stríðni.

Lögð fyrir rafrænt í des. 2015. (4. bekkur tekur könnun skriflega)

Gögnin eru yfirfarin og gæðatryggð - staðlað í gegnum Olweusarverkefnið.

Niðurstöður úr 5.-10. bekk eru kynntar en sérstaklega unnið með niðurstöður úr 4. bekk.

Helstu niðurstöður; nem sem hafa orðið fyrir einelti í skólanum, 2013; 4,9%, 2014; 5,9% en 4,2% 2015. Bak við þessi 4,2% eru 10 einstaklingar. Nú er það eineltisráð sem mun fara yfir það hvort þessi mál séu inni á borði ráðsins nú þegar.

Einelti hefur í gegnum árin verið meira á miðstiginu en á unglíngastigi. Hefur lækkað núna í 5.-7. bekk á síðustu árum, úr 8,8%, 2013, 9%, 2014 niður í 6,2%, 2015.

Unglíngastig; 2013: 1,8%, 2014; 3,2% og 2015; 2,2%.

Nýbúin að fá þessar niðurstöður, eineltisráð er að vinna í að greina niðurstöður. Verður greint betur frá þeim á fundi sem verður boðaður fljótlega. Það er farið nánar í hvers konar, hvar þetta á sér stað, skipting milli árganga og kynja ofl. á þeim fundi.

Lagt er allt kapp á að greina niðurstöður þannig að það gefi vísbendingar um hvar málin liggja - hvar tilkynning liggja inni á borði, hversu alvarlegt málið er osfrv.

Börn sem upplifa stríðni upplifa hlutina á mismunandi hátt.

Skólapúlsinn; könnun lögð fyrir 6.-10. bekk. Lögð fyrir sex sinnum, 40 nemendur í hvert sinn, alls 240 nem. Eru komin með hluta af niðurstöðum. Verða haldnir tveir fundir á vorönn, greiningarvinna með foreldrum hvað hægt er að gera til að bæta.

Ánægja af lestri; þar eru börn spurð ýmissa spurninga um bækur og lestur. Öll svörin gefa svo ákveðna tölu sem er tekin saman. Öldutúnsskóli - vilja að sjálfsgöðu vera fyrir ofan meðaltal. Eru núna í 5,3, landsmeðaltal er 5,1.

Prautseigja í námi; ýmsar spurningar um hversu vel börn leggja sig fram við nám. Eru núna á pari við landsmeðaltal; 5,2.

Niðurstöður eru greindar á milli árganga með kennurum svo að hægt sé að bæta og laga þar sem þarf.

Áhugi um stærðfræði; Niðurstöður undir landsmeðaltali. Gífurlega mikill munur á milli árganga. Þarf að skoða hvers vegna það er. Landsmeðaltal er 5,5 - Öldutúnsskóli 5,1.

Ánægja af náttúrufræði; Sambærilegar spurningar og um stærðfræði. Öldutúnsskóli skorar 5,5 en landsmeðaltal er 5,1. Þessi tala hefur verið mjög mikið á uppleið.

Trú á eigin vinnubrögðum; spurt um hvernig þau treysta sér í að læra í ýmsum fögum. Hægt að greina mjög vel. Niðurstöður núna er á pari við landsmeðaltal; 5,3.

Öldutúnsskóli ber sig eingöngu saman við skóla af svipaðri stærðargráðu, 350-550 börn.

Trú á eigin námsgetu; hvernig börnin upplifa sig í gengi í námsgreinum. Á pari við landsmeðaltal; 5,1.

Sjálfsálit; á við um víðtækari þætti en eingöngu í skólanum, almennt um líðan barnsins. Á pari við landsmeðaltal; 5,1.

Stjórn á eigin lífi; Börn í Öldutúnsskóla 0,2 yfir landsmeðaltali; 5,2 á móti 5.

Samsömun við nemendahópinn; Áhugavert að skoða eftir árgöngum, ef það eru árgangar þar sem er mikil samheldni í hópnum - og öfugt. Á pari við landsmeðaltal, 5,1.

Agi í tímum. Öldutúnssk.5,2, landsmeðaltal 5,1. Jákvætt að vera yfir landsmeðaltali.

Virk þátttaka nemenda í tímum. Landsmeðaltal 5,2, hér í Öldutúnssk. 6,5. Þarna eru þættir eins og að nemendur fái að hafa áhrif, ræða saman og fleira.

Mjög jákvæð teikn á lofti hvað varðar niðurstöður úr nemendakönnunum.

Vinnufundur stjórnar og bekkjartengla.

Framundan hjá foreldrafélaginu

Foreldraröltið - gengur vel!

Fengum vesti til að merkja foreldra á röltinu, frá Sjóvá. Mjög jákvætt til að foreldrar séu sýnilegir á röltinu. Foreldrar verða að vera meðvitað um Fjörðinn og þar í kring, niðri í bílakjallaranum.

Fræðsluefni fyrir nemendur (Rauði kross, vindmyllur, fjármálafræðsla ofl.) - Fyrirlestur Eyjólf Arnar um netnotkun í byrjun nóvember. Þessi hugmynd er ennþá í vinnslu hjá foreldrafélaginu.

Vorhátíð í byrjun maí. Þá verður haft samband við bekkjartengla.

Fjáröflun; Skilgreining milli árganga. Sýnd tafla yfir hver sér um hvað.

Farið yfir hvort foreldrafélag geti aðstoðað við innkaup svo að bekkir geti grætt meira í fjáröfluninni.

Samtalsdagar - gaman að hafa vöflusölu eða eitthvað slíkt á samtalsdegi sem fjáröflun fyrir bekki. Þarf ekki að vera 10. bekkur. Best ef þetta væri 9. eða 10. bekkur - geta séð um það sjálf. Skólaliðar geta aðstoðað.

Valdimar: Það að sé kaffisala, vorhátíð ofl. brýtur upp skólastarfið og gefur gleði - eflir ábyrgð krakkanna ofl. Þó að innkoman sé ekki alltaf mjög mikil. Væri mjög gaman ef það væru hefðir þannig að einhverjir árgangar sæju um t.d. jóla- eða páskabingó ofl.

Stofnaður verður reikningur fyrir pening sem hefur safnast. Þannig að það sé skýrt hver safnar hverju.

1. bekkur. Haustönn: Sleðaferð og Halloween. Vorönn: spilakvöld (Spilavinir) 16. febrúar og páskabingó 15. mars.
2. bekkur. Enginn bekkjartengiliður mættur.
3. bekkur. Haustönn: Halloween partý (börn og foreldrar), jólatrésleit - hver fyrir sig. Vorönn: Spilakvöld, hver bekkur fyrir sig, með eigin spilum. Páskabingó 15. mars. Í maí - ratleikur, bekkirnir saman.
4. bekkur. Haustönn: Vasaljósaganga, jólabekkjarkvöld - fönður ofl. Vorönn: Sundhittingur, ganga saman á Helgafell, hafa bekkjarkvöld þar sem útfærslan verður á þá leið að nemendur eiga að sjá um annað hvort spurningakeppni eða skemmtiatriði. (kennarar aðstoða hugsanlega aðeins). Félagsvist - ætla að athuga það.
5. bekkur. Haustönn: Diskótek, jólatrésleit og skreyting. 5.J fær Spilavini í heimsókn í feb. Báðir árgangar í leiki og pylsur við Hvaleyrarvatn 19. apríl.
6. bekkur. Haustönn: Útileikir (zombie og fótbolti m.a.), jólahitting - vasaljósaganga og skreyttu jólatré. Vorönn: Skautuferð í febrúar, kaffihúsakvöld í apríl - útfærsla í vinnslu, pylsur/sala á vorhátíð, fara út í leiki í vor.
7. bekkur. Haustönn: Útsvars-spurningakeppni (Börn vs. foreldrar), foreldrakaffi (án barna). Vorönn: Spilavinakvöld (hugmynd), bingó 15.mars, vorferð í Heiðmörk - útileikjakeppni/Litlu Ólympíuleikarnir, 19. maí.
8. bekkur. Einn bekkjartengiliður mættur. Haustönn: Halloween partý (börn), jólatrésleit, einstaklings-fjáröflun. Vorönn: Spilavinir voru á áætlun - féll niður, hugmyndir að halda 80's partý, skyldingakynning, grill í Nauthólsvík í maí (með stuttum fyrirvara).

9. bekkur. Haustönn: Lazer tag, Spilavinir. Haustönn: Páskabingó, hugsanlega Útsvars-
spurningakeppni. Kanna með vöfklusölu á samtalsdaginn í næstu viku (2. feb).

10. bekkur. Haustönn: Enginn bekkjartengiliður mættur. Meðlimur stjórnar sat fyrir svörum. Farið
eftir óskum barnanna, stelpurnar voru sér og strákar sér. Strákarnir fóru saman í lazer tag en foreldri
ekki visst hvað stelpurnar gerðu. Vorönn: Ekki ákveðið hvað verður, útskriftarferð í vor.

Fundi slitið.